

AUGLÝSING um deiliskipulagsmál í Grýtubakkahreppi.

Deiliskipulag fyrir hótél á Skælu við Grenivík.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum 17. maí 2021 deiliskipulag fyrir hótél á Skælu við Grenivík skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er alls 10 ha að stærð og er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, 209 VP, í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagið tekur til nýbyggingar hótels og starfsmannaíbúða alls um 6.950 fm að flatarmáli auk gatnagerðar, lagna og landmótunar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grýtubakkahreppi, 1. júlí 2021.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júlí 2021